

AUGLÝSING

**um breytingu á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015,
virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar.**

Samkvæmt 4. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010, hefur ráðherra þann 9. mars 2015 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015 frá 10. maí 1999.

Breytingin er vegna fyrirhugaðra mannvirkja sem tengjast virkjunum á veituleið Blönduvirkjunar og ráðgerð eru innan svæðisskipulagsins. Þau eru stöðvarhús Kolkuvirkjunar ásamt að- og frárennslisskurðum og stöðvarhús Friðmundarvirkjunar ásamt stíflu, lóni og veituskurðum milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns auch vega að virkjununum. Framkvæmdirnar eru ráðgerðar á svæði sem er skilgreint sem „önnur svæði“ í gildandi svæðisskipulagi og ekki er talið að um nýja stefnumörkun um landnotkun sé að ræða.

Samkvæmt fyrirriggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við 4. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 9. mars 2015.

Sigrún Magnúsdóttir.

Iris Bjargmundsdóttir.

—
B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2015